

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1465/2004

frá 17. ágúst 2004

um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. d,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að ekki megi setja aukefni í dreifingu nema veitt hafi verið leyfi Bandalagsins fyrir því. Heimilt er að leyfa án tímamarka aukefnin sem um getur í II. hluta viðauka C við tilskipun, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
- 2) Notkun ensímefnablöndu úr 6-fýtasa, framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 11857), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga, varphænur, eldiskalkúna, smágrísi, og eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 261/2003 ⁽²⁾.
- 3) Lögð voru fram ný gögn sem rökstuðningur með umsókninni um leyfi, án tímamarka, fyrir efnablöndunni. Matið sýnir að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem mælt er fyrir um í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt.

- 4) Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun blöndunnar með þeim skilyrðum sem eru tilgreind í viðaukanum.
- 5) Matið á efnablöndunni sýnir að ákveðnar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum aukefnisins sem er tilgreint í viðaukanum. Slík vernd ætti að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnu-
stöðum ⁽⁴⁾.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa blönduna, sem tilheyrir flokknum „ensím“ og tilgreind er í viðaukanum, til notkunar án tímamarka sem aukefni í fóðri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. ágúst 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

1) Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1289/2004 (Stjtið. ESB L 243, 15.7.2004, bls. 15).

2) Stjtið. EB L 155, 28.6.2000, bls. 15.

3) Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 12.

4) Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

VIÐAUKI

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinni hald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Virkniefningar/kg heilföðurs			
Ensím								
„E 1614	6-fýtasi EC 3.1.3.26	Efnablanda 6-fýtasa, framleiddur með <i>Aspergillus oryzae</i> (DSM 11857), með virkni að lágmarki: Fast form: 2 500 FYT (1)/g Vökvaform: 5 000 FYT/g	Eldis-kjúklingar	—	250 FYT	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: 500-1 000 FYT. Til nota í fôðurlöndur sem innihalda yfir 0,25% fýtínbundinn fosfór. 	Án tímamarka
			Varphænur	—	300 FYT	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: 450-1 000 FYT. Til nota í fôðurlöndur sem innihalda yfir 0,25% fýtínbundinn fosfór. 	Án tímamarka
			Eldis-kalkúnar	—	250 FYT	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: 500-1 000 FYT. Til nota í fôðurlöndur sem innihalda yfir 0,25% fýtínbundinn fosfór. 	Án tímamarka
			Smágrísir	—	250 FYT	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: 500-1 000 FYT. Til nota í fôðurlöndur sem innihalda yfir 0,25% fýtínbundinn fosfór. Handa smágrísunum, sem búið er að venja undan, þangað til þeir eru u.þ.b. 35 kg. 	Án tímamarka

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Virkieiningar/kg heilföðurs			
			Eldissvín	—	250 FYT	—	<ol style="list-style-type: none"> 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: 500-1 000 FYT. 3. Til nota í fæðublöndur sem innihalda yfir 0,25% fýtínbundinn fosfór. 	Án tímamarka
			Gyltur	—	750 FYT	—	<ol style="list-style-type: none"> 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: 750-1 000 FYT. 3. Til nota í fæðublöndur sem innihalda yfir 0,25% fýtínbundinn fosfór. 	Án tímamarka

(¹) 1 FYT er magn þess ensíms sem leysir 1 míkromól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH-gildið 5,5 og 37 °C.